

## **96. sveitarstjórnarfundur Langanesbyggðar haldinn í Menntasetrinu á Þórshöfn fimmtudaginn 23. janúar og hófst kl 17:00**

**Mætt eru:** Siggeir Stefánsson, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Steinunn Leósdóttir, Indriði Þóroddsson, Gunnólfur Lárusson, Reimar Sigurjónsson, Ævar Rafn Marinósson, Ólafur Steinarsson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhver hefði við fundarboð að athuga og svo var ekki. Tillaga lögð fram um að bæta við dagskrárliðnum fundargerð umhverfis- og skipulagsnefnd Langanesbyggðar dagsetta 21. janúar 2014. Samþykkt samhljóða.

### **DAGSKRÁ:**

- 1. Fundargerð Sveitarstjórnar nr. 95/2014.**  
Lögð fram til kynningar.
- 2. Fundargerð fræðslunefndar dagsett 20.01.2014.**  
Lögð fram til kynningar.
- 3. Fundargerð íþróttá- og tómstundanevndar dagsett 16.01.2014.**  
Lögð fram til kynningar.
- 4. Fundargerð landbúnaðarnefndar dagsett 20.01.2014.**  
Lögð fram til kynningar.  
Niðurstöða fjallskila fyrir árið 2013 lögð fyrir sveitarstjórn. Borið undir fundinn og samþykkt samhljóða.
- 5. Fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar dagsett 21.01.2014.**  
Lögð fram til kynningar.  
Lagt fyrir sveitarstjórn heimila að hefja vinnu við deiliskipulagningu á Holtinu vegna fyrirhugaðar byggingar á nýjum leikskóla og byggingar á bílskúrum í Pálmholti. Borið undir fundinn og samþykkt samhljóða.  
Sveitarfélagið er ekki tilbúið að veita fjármunum í að endurreisa KL súluna. Samþykkt samhljóða.
- 6. Fundargerð Sauðanesnefndar dagsett 10.01.2014.**  
Lögð fram til kynningar
- 7. Aðalfundur Samorku dagsettur 21.02.2014**  
Kynnt að aðalfundur Samorku verður haldinn 21. febrúar n.k.  
Samþykkt að Ólafur Steinarsson fari á aðalfund Samorku. Samþykkt samhljóða.
- 8. Endurfjármögnun Langanesbyggðar**  
Lögð fram greining á tilboðum á fjármögunun fyrir Langanesbyggð frá KPMG. Ólafur kynnti hvaða tilboð bárust.  
Endurfjármögnun sveitarfélagsins: Ólafur lagði fram greiningu þar sem gert er ráð fyrir að 206 milljónir af núverandi skuldum sveitarfélagsins verði endurfjármagnaður á þann hátt að fjöldi smærri lána verði greiddur upp á móti einu nýju láni. Breytingin felur í sér að sjóðsflæði Langanesbyggðar mun lagast umtalsvert á næstu 5 árum.  
Einnig liggur fyrir tilboð í fjármögnun í leikskólabyggingu allt að 250 milljónum. Ef farið verður í framkvæmdirnar jafnframt því sem skuldafni sveitarfélagsins verði breytt verður möguleg greiðslubirgði af heildarlánafni örlítið lægra en núverandi greiðslubirgði. Núverandi fjármögnun sveitarfélagsins er til skamms tíma og því felast tækifæri í lengingu núverandi lána.

Lagt til að Ólafur skoði málið enn frekar með Íslandsbanka og vinni það áfram. Samþykkt samhljóða.

#### **9. Útsýnispallurinn við Stóra Karl**

Heildarkostnaður við útsýnispallinn við Stóra Karl verður hærri en upphaflegar fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir eða í kringum 20 milljónir. Ólafur lagði fram greinargerð um verkefnið. Verkefnisstjórn hefur fundað nýlega um verkið og leggur mikla áherslu á að haldið verði áfram enda er smíði pallsins þegar hafin. Verkefnisstjórn hefur lagt fram áætlun um öflun frekari styrkja með því að sækja í styrktarsjóði og styrktaraðila og unnið verður í þessu á næstu vikum.

Lagt fyrir sveitarstjórn að setja 4,5 milljónir í byggingu á útsýnispallinum á Skoruvíkurbjargi og fjármunirnir verða teknir af framkvæmdarsjóð eignarsjóðs 2014. Samþykkt samhljóða.

#### **10. Skólastefna Langanesbyggðar**

Ingvar var með lokafund með stýrihópnum í gær vegna vinnu við skólastefnu og lagði fyrir nefndina drög að skólastefnu. Uppfærð skólastefna verður lögð fyrir hagsmunahópa og sveitarstjórn og kynnt á heimasíðu sveitarfélagsins innan skamms.

#### **11. Fjárfestingaráætlun 2014 umræða**

Sveitarstjóri hefur tekið saman framkvæmdarlista frá sveitarstjórnarmönnum.

Eftirfarandi framkvæmdir voru efstar á lista:

- Nýr leikskóli
- Gangstéttir á Bakkafirði
- Gangstéttir í Miðholti
- Íþróttahúsið – ástandsskýrsla
- Þórsver – ástandsskýrsla
- Dúkur í sundlaug
- Grunnskólar viðhald
  - Grunnskólinn á Bakkafirði
  - Grunnskólinn á Þórshöfn
- Lækjarvegur 3
  - Þak
  - Klæðning
  - Smávægilegt innandyra
- Hálsvegur - gluggar
- Naust
  - Hellur
  - Eldhúsgólf
- Tjaldsvæði - Þórshöfn
  - Slétta flatir
  - Útbúa betri WC aðstöðu.
- Viðhald á réttum og hólfum.
- Kirkjugarðurinn - drema

Ólafur leggur fram drög að kostnaðaráætlun á næsta fundi vegna þessara verkefna. .

Framkvæmdarlistinn sem tekinn var sama verður birtur á heimasíðu Langanesbyggðar.

## 12. Skýrsla sveitarstjóra

### **Tækifærisleyfi.**

Tækifærisleyfi vegna Þorralóts á Bakkafirði þann 8. febrúar n.k. lagt fyrir sveitarstjórn. Samþykkt samhljóða

### **Barnastarf í kirkjunni.**

Óskað eftir styrk til fermingarbarna vegna ferðar þeirra til Akureyrar. Þau eru tilbúin í vinnuframlag á móti. Sveitarstjórn samþykkir að fela Ólafi að finna út úr því. Samþykkt samhljóða.

### **Sorphirðumál.**

Sveitarstjóri kynnti að hann og formaður umhverfis- og skipulagsnefndar sátu fund með íbúasamtökum Bakkafjarðar í dag. Þar var lögð fram síðasta fundargerð íbúasamtakanna. Þá afhentu fundarmenn ýmsa punkta sem komu fram á þeim íbúafundi.

### **Sértæki byggðarkvótinn.**

Ekki komin nein niðurstaða í málið ennþá.

### **Staðan á Finnaþarverkefninu.**

Oddviti fór yfir stöðuna á Finnaþarðarmálinu.

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 19:30